

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 287/2023

frá 27. október 2023

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2179 frá 9. desember 2021 um aðgerðir opinbera viðmótsins sem er tengt við upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn varðandi útsendingu ökumanna á sviði flutninga á vegum ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 24g (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1057) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„24ga. **32021 R 2179**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2179 frá 9. desember 2021 um aðgerðir opinbera viðmótsins sem er tengt við upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn varðandi útsendingu ökumanna á sviði flutninga á vegum (Stjtið. ESB L 443, 10.12.2021, bls. 68).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/2179, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. október 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 443, 10.12.2021, bls. 68.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. október 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður